

Nefndasvið Alþingis  
b.t. velferðarnefndar  
v/ Austurvöll  
150 Reykjavík

Akureyri 23/01/2015

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum (markmið, stjórnsýsla og almenn ákvæði).**

Afstöðu, félags fanga og annarra áhugamanna um bætt fangelsismál og betrun sem hefur stöðu talmanns fanga sbr. 43. gr. laga nr. 49/2005 um fullnustu refsinga barst ekki formlegt erindi frá nefndasviði vegna meðferðar þingsins á frumvarpi þessu, þá sérstaklega sé kveðið á um í 16. gr. réttindi og skyldur þeirra sem afplána dóma og þeirra sem úrskurðaðir eru í gæsluvarðhald.

Um leið og beðist er velvirðingar á hversu seint umsögnin berst er jafnframt óskað eftir því við nefndasvið þingsins að það hafi í huga fyrrgreint ákvæði laga um fyrirsvar gagnvart stjórnvöldum.

*Um 16. gr.*

1. mgr. orðast svo:

*Nú afplánar lífeyrisþegi refsingu í fangelsi, sætir gæsluvarðhaldi eða er á annan hátt úrskurðaður til dvalar á stofnun og skulu þá falla niður allar bætur til hans, sbr. 53. gr. Sama á við þegar lífeyrisþegi kemur sér viljandi undan því að afplána refsingu. Þegar bætur hafa verið felldar niður er heimilt að greiða ráðstöfunarfé í samræmi við 8. mgr. 48. gr. Verði lífeyrisþegi ekki dæmdur til fangelsisvistar í kjölfar gæsluvarðhalds skulu bætur til hans greiddar fyrir það tímabil þegar gæsluvarðhaldsvist stóð yfir.*

Í greininni er blandað saman tveimur ólíkum hugtökum: „refsingu í fangelsi“ og „sætir gæsluvarðhaldi“.

Er hér áréttuð sú grundvallarregla réttarríkisins, að einstaklingur skuli teljast saklaus uns sekt telst sönnuð, sbr. 2. mgr. 70. gr. Stjórnarskrár lýðveldisins og 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur var á Alþingi 19. maí 1994 með lögum nr. 62/1994.

**Einstaklingur sem er úrskurðaður í gæsluvarðhald skal því teljast saklaus.**

Með ákvæðinu er því réttarríkinu snúið á haus og óskyldum hlutum tvinnuð saman.

Nær væri að kveða á um þá ríku ábyrgð sem hvílir á hinu opinbera þegar það tekur svo afdrifaríka ákvörðun, sem að svipta einstakling frelsi sínu og einangra hann frá samfélaginu. Í því felst verulega íþyngjandi ráðstöfun sem kallar á að kveðið sé á um félagslega aðstoð til handa þeim sem frelssviptur er, og hans nánustu. Þeirri ráðstöfun ríkisins að svipta einstakling frelsi fylgir mikil ábyrgð, enda verður inngrip í frelsi einstaklingsins vart meira en svo.

Sé litið til þess umhverfis sem hefur verið sniðið um þessi mál í nágrannalöndunum má nefna að í Danmörku kemur félgaráðgjafi t.d. að máli við hvern þann sem látinn er sæta gæsluvarðhandi eins fljótt og auðið er til þess að fara yfir hans mál, taka yfir allar hans skyldur eins og að greiða af húsnæði – og gæsluvarðahaldsfangi missir aldrei sinn rétt sem öryrki. Rétt er að geta þess að maður sem látinn er sæta gæsluvarðahaldi í Danmörku og verður síðar ekki ákærður eða dæmdur öðlast einnig bótarétt á fyrir þann tíma sem gæsluvarðhaldi var beitt að ósekju, sem ekki hefur áhrif á rétt hans til lífeyris.

Afstaða telur rangt að öryrki sé sviptur rétti til lífeyris fyrir þann tíma sem hann afplánar dóm, enda rangt að Fangelsismálastofnun ríkisins sjái föngum fyrir framfærslu. Fangar þurfa sjálfir að greiða fyrir sína framfærslu í afplánun eins og t.d. tannlæknakostnað, allt nám utan Suðurlands, fatnað, skó, afmælisgjafir fyrir börn sín, heimsóknir aðstandanda, símakostnað, kostnað sem fellur til vegna dagsleyfa til samvista við börn og vandamenn svo fátt eitt sé talið.

Öryrki sem afplánar dóm getur því með engu móti séð sér fyrir framfærslu í fangelsi eins og hinn almenni fangi, sem hefur rétt samkvæmt lögum til þess að útvega sér launaða vinnu í fangelsið og jafnvel fengið ýmsa styrki frá sínum lífeyrissjóði. Þetta er klár mismunun. Rétt er að fram komi að dagpeningar sem fangi fær í afplánun er 3.150 kr. á viku og því ljóst að öryrki sem ekki getur unnið meðan á afplánun stendur, hefur vart fyrir brýnustu nauðsynjum meðan á afplánun stendur.

Virðingarfyllt,  
f.h. stjórnar Afstöðu

---

Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður